

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/730
komudagur 4.12.2007



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

BK/eeg/07/2453

DAGSETNING

03.12.2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, 36. mál.

Með bréfi efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 19. nóvember 2007, var óskað eftir umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins um frumvarp til laga um breyting á 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Af þessu tilefni er send svofelld

u m s ö g n

Opinber birting og framlagning álagningarskrár og skattskrár á sér langa sögu í íslenskri skattfrankvæmd. Þótt framsetning þeirra hafi á síðari árum tekið á sig nokkurn annan blæ er megintilgangur birtingarinnar enn sá sami, þ.e. að skapa jafnt skattborgurum sem skattyfirvöldum ákveðið aðhald, með því að gengið sé frá skilum á skattframtölum og álagningu þeirra með það í huga að þær upplýsingar kunni að verða birtar. Með þeirri breytingartillögu sem lögð er fram myndu þau varnaðaráhrif, bæði almenn og sérstök sem felast í birtingu skráanna glatast. Er hætta á því að með vægara aðhaldi sem tillagan felur í sér aukist skattsvik sem þá muni leiða til lækkunar tekna til ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,

Bryndis Kristjánsdóttir,
skattrannsóknarstjóri